

AUGLÝSING

um uppsögn sammings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Póllands.

Með orðsendingu 31. október 2003 var sænska utanríkisráðuneytinu tilkynnt um uppsögn Póllands á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Póllands sem gerður var í Genf 10. desember 1992, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 8/1993, þar sem samningurinn er birtur, 25/1993 og 60/1995. Uppsögnin öðlaðist gildi 3. maí 2004 og féll samningurinn þá úr gildi. Um leið féll úr gildi samningur milli Íslands og Póllands um viðskipti með landbúnaðarafurðir sem gerður var með orðsendingaskiptum í Genf 10. desember 1992, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 9/1993, þar sem samningurinn er birtur, 26/1993 og 39/1995.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 4. maí 2004.

Haldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.